



# KVI1A05 – Kvikmyndagerð I – grunnur

Námsáætlun, haustönn 2023

<b>Kennari/kennarar:</b>  <b>Þorgeir Guðmundsson</b>	<b>Netfang/netföng:</b>  <b>thorgeir.gudmundsson@borgo.is</b>
--	---

**Lýsing:** Inngangsfangi í kvikmyndagerð.

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum kvikmyndagerðar til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningu fyrir umheiminum. Þeir læra aðferðir við framleiðslu stuttmynda: hugmyndavinnu og handritssmið, undirbúning kvikmyndatöku, notkun myndavéla og hljóðbúnaðar. Ennfremur læra þau á klippiforrit: klippingu, hljóðvinnslu, titlagerð og einfalda litgreiningu við lokafrágang til sýningar. Lögð er áhersla á **að læra með því að gera**.

Við byrjum á sameiginlegri stuttmynd („crash course“) þar sem nemendur kynnast hvernig kvikmynd verður til frá a til ö, frá hugmynd til fullunninnar myndar og sýningar á tjaldi. Hugmyndir eru reifaðar og þróaðar, ein valin og handrit skrifað í teymisvinnu. Svo er hópnum skipt í framleiðendur, tæknimenn og leikara og hver deild undirbýr tökum sem fara svo fram undir leiðsögn kennara. Að þessu loknu klippir hver nemandi eigin útgáfu af myndinni, hljóðvinnur og gengur frá til sýningar.

Næstu tvö verkefni (Verkefni 2 og 3) eru unnin í ca. 3 manna hópum, ein heimildamynd og ein tilraunamynd. Að lokum þróa hver nemandi einstaklingsverk, eigið höfundarverk sem verður að loka stuttmynd áfangans. Nemendurnir hjálpast að við framleiðslu þessara mynda og vinna hjá hver öðrum.

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig mismunandi sjónarhorn og myndstærð hefur áhrif á frásögnina.
- hvernig mismunandi notkun hljóðs hefur áhrif á frásögnina.
- hvernig mismunandi klipping hefur áhrif á heildarútkomu.
- hvernig mismunandi gerð titla hefur áhrif á stíl og heild.
- hvernig litur og lýsing hefur áhrif á frásögn.

**Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja með tímaáætlun alla þætti í gerð kvikmynda.
- beita kvikmyndatökuvél miðað við aðstæður.
- klippa saman myndskleið í klippiforriti.
- tengja hljóð og mynd.
- litgreina í klippiforriti.
- búa til titla í klippiforriti.
- greina á milli ólíkra stærða og upplausna á kvikmynd með tilliti til sýningarstaðs.

**Hæfniviðmið** – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér kvikmyndaformið sem miðil til persónulegrar tjáningar.
- taka upp myndskleið svo frásögnin komist skýrt til skila.
- setja saman heildarfrásögn með samsetningu ólíkra myndskleiða.
- tengja saman hljóð og myndmál svo úr verði heild.
- Birtu, tóna og litleiðrétta kvikmynd til samræmis við frásagnarmáta og stíl.
- koma kvikmynd á framfæri á vef.

**Námsmat:**

Námsmat í áfanganum er í formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningum og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, jafningjamati, frammistöðumati, sjálfsmatiog símati (ástundun, þátttaka og framfarir).

•**80% Kvikmyndaverkefni** - hugmyndavinna, tölur, klipping og kynning verkefna

•**10% Greiningar** – 4 smærri skrifleg verkefni og kynningar verða á önninni

•**10% Kennaraeinkunn** – ástundun og virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

**Námshögn:**

Greinar, tilvísanir og annað efni sem kennari útdeilir. Innlagnir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum en mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda um verklega einstaklingsmiðaða kennslu að ræða sem ekki verður eingöngu af bókum numin.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Notaður verður námsvettvangurinn Inna fyrir samskipti milli kennara og nemenda. Nemendum ber að skila öllum verkefnum samkvæmt leiðbeiningum kennara á námsvettvang strax og þeim er lokið. **Nauðsynlegt er að nemendur mæti með heyrnartól.**

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Kynning. Sameiginleg stuttmynd - hugmyndavinna	
35	28.ágúst -1. sept.	Sameiginleg stuttmynd – handrit, framleiðsla, undirbúningur <b>Greining01 – skilaverkefni (2,5%)</b>	
36	4.-8. sept.	Sameiginleg stuttmynd - tölur	15%
37	11.-15. sept.	Sameiginleg stuttmynd - eftirvinnsla	
38	18.-22. sept.	Sameiginleg stuttmynd – eftirvinnsla, sýning	15%
39	25.-29. sept.	Verkefni 2 - þróun/undirbúningur <b>Greining02 – skilaverkefni (2,5%)</b>	
40	2.-6. okt.	Verkefni 2 - tölur	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Verkefni 2 - eftirvinnsla	15%
42	16.-20. okt	Verkefni 3 - þróun/undirbúningur	
43	23.-25. okt.	Verkefni 3 - tölur <b>Greining03 – skilaverkefni (2,5%)</b>	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Verkefni 3 - eftirvinnsla	15%
45	6.-10. nóv.	Einstaklingsmynd - þróun/undirbúningur	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Einstaklingsmynd – tölur <b>Greining04 – skilaverkefni (2,5%)</b>	
47	20.-24. nóv.	Einstaklingsmynd - tölur	
48	27. nóv. - 1. des.	Einstaklingsmynd - eftirvinnsla	
49	4.-8. des	Einstaklingsmynd – eftirvinnsla	20%
50	11.-13. des	Lokasýning	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*